

Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 458/1991.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Gunnari Péturssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsíákvörðun, en af hálfu ákærvalds var málinu áfrýjað með stefnu 3. nóvember 1993 til þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið staðfestingar á refsíákvörðun héraðsdóms og að ákærði yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna og málsvarnarlauna á báðum dómstigum.

Eins og áfrýjun málsins er háttað, eru ekki efni til að hrófla við málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Að því athuguðu og með skírskotun til forsendna dómsins ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. október 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 5. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 465/1993: Ákærvaldið gegn Gunnari Péturssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. september sl., á hendur ákærða, Gunnari Péturssyni, Háholti 3, Hafnarfirði, fæddum 13. desember 1970, fæðingarnúmer 313, „fyrir fjársvik með því að hafa þann 29. janúar 1993 á tveim stöðum í Reykjavík tekið á leigu myndbands-tæki og spólur í þeim tilgangi að draga sér munina og selja, hvað ákærði gerði með aðstoð kunningja síns, og afla sér þannig fjár, svo sem nánar greinir:

1. Tæki af gerðinni Sony T22, að verðmæti allt að kr. 30.000, hjá Nýmynd sf., Skipholti 9. Selt á kr. 8.000.
2. Tæki af gerðinni Tensai og 2 spólur, að verðmæti allt að kr. 50.000, hjá Ríkinu, myndbandaleigu og söluturni, Snorrabraut 56. Selt fyrir kr. 15.000.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 1. mgr. 247. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirgreindir aðilar hafa í málinu krafist skaðabóta úr hendi ákærða, auk vaxta:

1. Nýmynd sf., Skipholti 9, kt. 590392–2949, kr. 30.000.
2. Ríkið, Snorrabraut 56, kt. 520686–1509, kr. 50.000.“

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot þau, sem honum eru gefin að sök. Þar sem ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hann hafi tekið tækin á leigu í því skyni að selja þau, varðar brot hans við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1987 hlotið 11 dóma fyrir brot gegn 106., 110., 155., 218., 244., 257. og 259. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlögum, aðallega 48. gr. Nemur samanlögð óskil-orðsbundin refsivist hans nú 5 árum og 3 mánuðum. Auk þessa sættist ákærði á dómsátt árið 1987 fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot og þann 19. júní 1992 fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf. Síðast hlaut ákærði dóm þann 15. desember sl., 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnaðartilraun og umferðarlagabrot.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa hliðsjón af ákvæðum 72., 77. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Pétursson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Skaðabótakröfu Nýmyndar sf. og Ríkisins er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 25.000,00.
